

Ed.

205. Nefndarálit

um frumvarp til laga um sparisjóði.

Nefndin er sammála um það, að lög um eftirlit með sparisjóðum sjeu nauðsynleg, þar sem um er að ræða miklar fjárupphæðir sem menn um land alt eiga í sparisjóðunum. Og þó að enn hafi ekki orðið nema lítil brögð að því, að fje sparisjóðanna hafi farið forgörðum, þá er á hitt að líta, að aukning innstæðufjárins fer svo stórum vaxandi, að ekki verður álitid viðeigandi eða hättulaust, að það sje lengur án eftirlits frá hálfu hins opinbera, því það getur ekki kallast eftirlit, þó landsstjórnin hafi fengið reikninga sparisjóðanna til yfirlits.

Til þess að sýna fram á það, hve innstæðufje sparisjóðanna eykst hröðum fetum, má geta þess, að eftir skýrslum um sparisjóði í landinu árið 1910 eru

innlög í sjóðina orðin yfir $6\frac{1}{5}$ milj. króna, og á 2 árunum næst á undan eða frá 1908 höfðu innlögin vaxið um hartnær 1 miljón króna. Það lætur því nærri, eftir aukningu þessara síðustu ára, að 1 milj. safnist á $2\frac{1}{2}$ ári. Þannig er það, að á sama tíma, sem þurfti til þess fyrir 25 árum að safna 200 þús. kr., safnast nú 2 milj. kr. — Inneign í sparisjóðunum á hvern mann á landinu hefir á síðastliðnum 20 árum vaxið úr 11 kr. upp í 73 kr., eða því nær sjöfaldast. Þetta ætti að vera nægileg rök fyrir því, að hjer er mikið í hættu og því brýn þörf á eftirliti. Aftur hefir stefna sú, sem frumvarpið fer fram á með framkvæmd á slíku eftirliti, vakið allmikið umtal í nefndinni. Og þó að nefndin hafi ekki klofnað um þetta atriði, þá eru þó tveir nefndarmanna á því (E. B. og St. J.), að tryggilegra myndi máské reynast að fara þá leiðina sem frumvarpið fer, þó þeir hinsvegar vilji ekki útiloka það, að fá reynslu um, hvort þessi vegur, sem lagt er til að taka, muni ekki reynast fær.

Eftir frumvarpinu á eftirlitinu að vera þannig hagað, að einum manni með föstum launum er falið það, og auk þess ætlaður ferðakostnaður og ákveðnir dagpeningar á eftirlitsferðum; en jafnframt á þó þessi eftirlitsmaður að geta sett aðra menn fyrir sig, eða falið öðrum eftirlitið, ef honum sýnist svo. Þessu er lagt til að breyta þannig, að stjórnarráðið hafi með höndum eftirlitið og geti falið það hinum og öðrum færum mönnum út um land. Verður að álíta að eftirlitið sje á þennan hátt engu ótryggara. Nægilega marga færa menn myndi mega fá út um land til þessa, því nú hafa margir fengið þekkingu og reynslu í þessum efnum við störf í sparisjóðum og bönkum. Og hvað ábyrgðina snertir á starfinu, þá er hún mjög svo svipuð, þar sem umsjónarmaðurinn myndi oft og einatt hljóta að fela þetta starf öðrum, og yrði því fyrir hann að meira eða minna leyti aðeins sem kontórstarf, sem ekki sýnist tryggara eða betur viðeigandi í hans höndum en stjórnarráðsins.

Hvað kostnaðinn snertir við báðar þessar leiðir, þá verður ekki verulega sennileg áætlun um hann gerð. En ganga má út frá því sem áreiðanlegu, að það sem áætlað er til ferðakostnaðar og dagpeninga 600 kr. í frumvarpinu, sje alt of lítið, ef ekki ætti að standa því lengur á að rannsaka hag sjóðanna, en það leggur nefndin áherslu á, að kæmist sem fyrst í verk. — Aftur á móti mætti, með því fyrirkomulagi, sem vjer leyfum oss að fara fram á, rannsaka alla sparisjóði landsins þegar á fyrsta ári og koma þeim í skipulegt horf innbyrðis; því þegar eftirlitsmennirnir hafa ekki nema tiltölulega lítil svæði og hentug, geta þeir gripið hvert besta og hentugasta tækifæri til þessa, sem bæði verður ódýrara og fljótara. Vjer skulum taka til dæmis, að maður af Akureyri hefði sjóðina í Þingeyjar- og Eyjafjarðarsýslum og Sauðárkróki. Maður úr Reykjavík sparisjóðina í Hafnarfirði, Keflavík og í Árnessýslu og víðar, ef henta þætti. Þannig mætti skifta þessu niður, svo yfirferðin yrði auðveld og hvergi þyrfti að verða erfið eða dýr ferðalög. En með hinu fyrirkomulaginu er það óumflýjanlegt.

Ekki höfum vjer neitt viljað ákveða um kaup þessara eftirlitsmanna, treystum stjórnarráðinu til þess að greiða sanngjarnt fyrir það, eftir því sem störf eru borguð, og álitum að engin vandræði muni verða að fá menn til þess fyrir hæfilega þóknun.

Jafnframt því að breyta þessu eftirliti eins og nú hefir sagt verið, leggjum vjer til, að eins og stendur verði ekki lagður skattur á sparisjóðina. Ekki er það þó af því, að vjer álitum það ekki í sjálfu sjer rjettmætt, að þeir í fram-

tíðinni beri sjálfir uppi þann kostnað, sem eftirlitið hefir í för með sjer, heldur af hinu, að vjer álitum hann ekki rjettilega miðaðan við kostnaðinn, fyr en reynsla er fengin um það, og svo að öðru leyti af því, að margir af sjóðunum eru í bernsku með örlitla varasjóði, sem eiga að verða þeirra aðaltrygging í framtíðinni og þola því illa útgjöld, og enda gæti það leitt til þess, að draga úr stofnun nýrra sjóða og teldum vjer það mjög illa farið. Það sýnist því ekki illa viðeigandi að landssjóður kosti, að minsta kosti fyrst um sinn, eftirlitið.

Auk þessarar aðalbreytingar leggjum vjer til, að nokkrar fleiri verði gerðar og skulum geta hjer hinna helstu.

Í ákvæði þau, sem talin eru upp í 2., gr. að jafnan skuli vera í lögum eða reglum sparisjóða, viljum vjer bæta inn staflíð um tryggingu sjóðsins og verði það 1. liður í þeirri upptalningu. Yrði þar tiltekið hvað innborgað væri af hlutafje eða tryggingarfje sjóðsins og hvað á ábyrgð einstakra manna eða fjelaga.

Í 6. gr. viljum vjer til skýringar bæta inn því ákvæði, að aldrei megi lán veita eða ráðstafa eignum sjóðsins nema með samþykki meiri hluta stjórnar hans.

Ákvæðum 9. gr. um það, að starfsmenn sparisjóðanna, fjehirðir og bókarari, megi jafnframt eiga sæti í stjórn sjóðsins, ef þeir hafi enga borgun fyrir starf sitt, viljum vjer breyta þannig, að þegar innstæðufje sjóðsins sje orðið 50 þús. kr. eða yfir, megi þeir ekki eiga sæti í stjórninni. Eru þá störf sjóðsins orðin mikil og hann fær um að greiða þessum mönnum hæfilega borgun, og virðist þá rjett, að störf þeirra sjeu aðskilin frá störfum stjórnarinnar. En þar sem sjóðirnir eru litlir, eins og víða í sveitum og menn mjög dreifðir, getur valdið miklum erfíðleikum, ef slíkt er bannað, enda þótt ofurlítil þóknun væri borguð fyrir starfið.

Enn viljum vjer gera nokkra breytingu á sömu grein, viðvikjandi inn- og útborgunum, gera undantekningar á því, að jafnan þurfi 2 af starfsmönnum sjóðanna að vera viðstaddir. Oss virðist að þetta yrði ill framkvæmanlegt í sparisjóðum til sveita, þar sem oftast mun svo vera, að ekki er nema 1 starfsmaður eða stjórnandi sjóðsins á sama bæ, eða þar sem sjóðurinn er. En jafnframt viljum vjer tryggja þessar undantekningar svo, að kvittanir fyrir innborgunum sjeu því að eins skuldbindandi fyrir *sjóðinn*, að þær sjeu undirskrafaðar af bæði bókarara og gjaldkera. Verður þá sá sem innborgar að fá undirskrift bókararans, þó hann sje á öðrum bæ, et hann vill að kvittunin sje lögmæt gagnvart sjóðnum. Sömuleiðis viljum vjer ekki fyrirbyggja það, að gjaldkeri geti greitt úr sjóðnum gegn ávísun formanns. Getur það verið nauðsynlegt um ýmsar smærri upphæðir, svo að stjórnin þurfi ekki að koma saman í það sinn til þess. En um lán úr sjóðnum teljum vjer, að ekki geti komið til mála, að útborga á þennan hátt.

Þá viljum vjer taka fram viðvikjandi ákvæðum 10. gr., þótt vjer leggjum ekki til að þeim sje breytt, að trygging sú, sem sparisjóðsfjehirðir á að setja, og stjórnarráðið að ákveða, sje með allri varúð ákveðin, því svo gæti það farið, ef um strangleika í því efni væri að ræða, að nýtur fjehirðir ekki fengist til starfans, því vanalega er þóknunin lítil, sem fyrir þetta er greidd.

Í 13. gr. er það ákveðið, að upphæð lána, sem eingöngu eru trygð með sjálfskuldarábyrgð megi aldrei nema meiru en $\frac{1}{3}$ af sparisjóðsinnstæðufjenu. Enda þótt vjer játum, að varasamt sje að ganga langt í því að veita lán þessi, þá þykir oss þó þetta allströng ákvæði. Og með því að líta yfir síðustu reikninga sparisjóðanna sjest það, að einungis 6 sparisjóðir af 25 fullnægja þessu, eða

sjálfskuldarábyrgðarlánin eru rjett við $\frac{1}{3}$ af innstæðufjenu. Í 5 sjóðum eru þau alt að helming, í 9 yfir helming og í 5 yfir þrjá fjórðu.

Þetta sýnir að sjálfskuldarábyrgðarlánin eru lang algengust, og þó þau í sjálfu sjer sjeu varasöm, má þó treysta góðum sparisjóðsstjórnnum, sem hafa náinn kunnugleika á lántakendum, til þess að viðhafa alla varúð. Vjer viljum þó setja takmörk fyrir þessu þannig, að samanlögð upphæð sjálfskuldarábyrgðarlána og víxillána, sem eingöngu eru trygð með ábyrgð einstakra manna, fari aldrei fram úr helming af sparisjóðs innstæðufjenu að viðbættu hlutfaje. Vixillán eru enn sem komið er lítil í sparisjóðunum, eftir því sem næst verður komist, og sumstaðar engin, en miklar likur eru til þess, að þau fari í vöxt, og viljum vjer því ekki takmarka meira hvorttveggja þessi lán og álitum það hættulaust; enda mjög lítið lengra gengið en í frumvarpinu. Sjerstökum ákvæðum þessarar greinar um víxillán, leggjum vjer til að verði slept samkvæmt þessu.

Hvað snertir tryggingarákvæði þessarar sömu greinar, fyrir sparisjóði, sem geyma 50 þús. kr. innstæðufje eða meira, þá þykir oss rjett og sjálfsagt að leyfa sparisjóðsstjórn að grípa til þessa tryggingarfjár, ef ófyrirsjáanlegar útborganir koma fyrir, því í þeim kringumstæðum geta það orðið megnustu vandræði fyrir sjóðina, ef tryggingarfje þetta ætti að vera óhreyfanlegt. En auðvitað á sparisjóðsstjórn að rjetta það svo fljótt sem verða má.

Hlutabryfekaup sparisjóðanna viljum vjer útiloka með öllu. Álitum óviðeigandi, að þeir sjeu í nokkrum fjárhættufyrirtækjum.

Við 17. gr. viljum vjer gera sömu breytingu og við 13. gr., viðvikjandi tryggingarfje sjóðanna, og af sömu ástæðum.

Leyfum oss því að gera þessar

BREYTINGARTILLÖGUR:

Við 2. gr.

1. Inn í staflidina bætist nýr staflidur, sem verður a stafl. svohljóðandi: Trygging sjóðsins: Hvað sje innborgað hlutfaje eða tryggingarfje, ábyrgð einstakra manna eða fjelaga.

Stafliðirnir breytast eftir því.

Við 3. gr.

2. Á undan orðinu »ábyrgðarfje« komi: innborgað.

Við 6. gr.

3. Aftan við 1. málsg. bætist: og má aldrei veita lán eða ráðstafa eignum hans án samþykkis meiri hluta stjórnarinnar.

Við 8. gr.

4. Fyrir »umsjónarmanni sparisjóða« komi: stjórnarráði Íslands.

Við 9. gr.

5. 2. málsliður 1. málsg. »Ef þeir hafa« o. s. frv. falli burtu, en í staðinn komi:

mega þeir ekki eiga sæti í stjórn sjóðsins ef innstæðufje hans er 50 þús. kr. eða yfir.

6. Síðustu 2 málsgreinarnar orðist svo:

Það skal vera aðalreglan, að eigi má greiða neina upphæð úr sparisjóði eða í hann nema 2 af starfsmönnum hans eða stjórnendum sjeu viðstaddir og riti þeir upphæðina tafarlaust í bækur sparisjóðsins, hvor um sig. Þó má gjaldkeri veita móttöku innborgunum í sjóðinn, án þess annar starfsmaður sje viðstaddur, en skuldbindandi er kvittun hans því að eins fyrir sjóðinn, að hún sje meðundirrituð af bókara. Sömuleiðis getur gjaldkeri greitt fje úr sjóðnum gegn ávísun formanns, þó aðrir starfsmenn sjeu eigi viðstaddir, sbr. 6. gr. 1. málsg.

Við 12. gr.

7. Orðin »eftir tillögum umsjónarmanns« í niðurlagi greinarinnar, falli burtu.

Við 13. gr.

8. 2. málsg. orðist svo: Eigi má samanlögð upphæð víxillána og sjálfskuldarábyrgðarlána, er sparisjóður veitir og trygð eru eingöngu með ábyrgð einstakra manna, nokkru sinni nema meiru en helming af sparisjóðsinnstæðufjenu öllu, að viðbættu innborguðu hlutafje.
9. 4. málsg. falli í burtu.
10. Orðið: »jafnan« í 5. málsg. falli burtu.
11. Aftan við málsgreinina bætist: Nú kemur það fyrir að stjórn sparisjóðs neyðist til þess að gripa til þessa fjár vegna ófyrirsjáanlegra útborgana, og er henni þá skylt, svo fljótt sem verða má, að koma því í samt lagt aftur.
12. 6. málsg. falli í burtu: »Hlutabrjef« o. s. frv.
13. Orðin: »eður hlutabrjef« í næstu málsg. falli í burtu.
14. Orðin: »eða hlutabrjefa« í síðustu málsg. falli í burtu.

Við 16. gr.

15. Orðin: »og umsjónarmanns sparisjóðanna« falli í burtu.

Við 17. gr.

16. Aftan við greinina bætist: Þó gilda um þetta sömu undantekningar og fram eru teknar í 13. gr. 5. málsg.

Við 19. gr.

17. Orðið: »jafnan« í fyrstu málsg. falli burtu.
18. Á eftir orðunum: »gætur að því« í sömu málsg. komi: svo oft sem þörf er á.
19. Fyrir orðin: »umsjónarmanni sparisjóðanna« komi: stjórnarráðinu.

Við 20. gr.

20. Fyrir orðin: umsjónarmanns sparisjóða« komi: stjórnarráðs.
21. Orðin: »umsjónarmanni . . . síðan« í síðustu málsg. falli burtu.

Við 22. gr.

22. Greinin orðist þannig:

Stjórnarráð Íslands hefir umsjón og eftirlit með öllum sparisjóðum landsins og starfsemi þeirra. Getur það falið einstökum, þar til hæfum mönnum, að hafa eftirlit og rannsókn á hag sparisjóðanna á stærri eða minni svæðum eftir því sem best hentar, gegn hæfilegri þóknun og ferðakostnaði, er veitt sje í fjárlögum. Skal eftirliti þessu jafnan hagað svo, ef kostur er, að menn þeir sem það er falið, hafi sem besta þekkingu á hag og kringumstæðum þeirra manna, sem mest nota sjóðina. Verði eftirlit þetta falið manni eða mönnum, sem á sæti í einhverri sparisjóðsstjórn, nær það ekki til ransóknar á þeim sjóði.

Stjórnarráðið semur erindisbrjef fyrir umsjónarmennina.

Vanræki umsjónarmenn skyldur sínar getur stjórnarráðið vikið þeim frá.

Við 23. gr.

23. Greinin orðist þannig:

Stjórnarráðið getur krafist allra nauðsynlegra upplýsinga um rekstur sparisjóðanna, hag þeirra og alt fyrirkomulag. Samrit af ársreikningum allra sparisjóða skal senda stjórnarráðinu jafnskjótt og þeir eru samdir. Ennfremur athugasemdir endurskoðenda og svör reikningshaldara eða sparisjóðsstjórnar. Sama rjett til upplýsinga um rekstur sparisjóðanna hafa og umsjónarmenn þeir, sem stjórnarráðið skipar.

Tregðist stjórnendur sparisjóða við, að senda stjórnarráðinu eða hinum settu eftirlitsmönnum allar upplýsingar viðvíkjandi rekstri sparisjóðanna, má beita dagsektum, alt að 5 kr. á dag.

Stjórnarráðið semur á ári hverju skýrslu um alla sparisjóði á landinu og starfsemi þeirra. Ágrip af skýrslu þessari skal birta almenningi á þann hátt er stjórnarráðinu þykir best henta.

Við 24. gr.

24. Greinin falli burtu og greinatalan breytist eftir því.

Alþingi 28. júlí 1913

Eiríkur Briem.
formaður.

Þórarinn Jónsson.
(skr. og frams.m.)

Guðjón Guðlaugsson.

H. J. Kristófersson.

Steingrímur Jónsson.